



Áfanganúmer: UPPL1RT02

Prep: 1

Einingar: 2

Forkröfur: Engar

Lýsandi heiti: Ritvinnsla, töflureiknir, tölfræði, vefsíðugerð

Áfangalýsing:

Uppsetning texta með ritvinnsluhugbúnaði og úrvinnsla gagna með töflureikni. Áherla á tölfræðiúrvinnslu. Einföld vefsíðugerð.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- undirstöðuatriðum í uppsetningu texta með ritvinnsluhugbúnaði með stillingu efnisgreina, dálkastillum og töflum
- uppsetningu stærðfræðitákna með jöfnuritli
- ritun sérstafa í mismunandi tungumálum
- undirstöðuatriðum í uppsetningu gagna í töflureikni
- einföldum reikningum í töflureikni
- einföldum föllum í töflureikni
- grunnhugtökum tölfræðinnar
- einföldum HTML-kóða

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- frágangi texta í ritvinnsluhugbúnaði
- reikningum og uppsetningu gagna með töflureikni
- úrvinnslu gagna
- að setja upp einfaldar vefsíður

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja texta og upplýsingar skilmerkilega fram
- beita skipulegum aðferðum við lausnir verkefna á sviði upplýsingatækni
- túlka myndræna framsetningu á gögnum og greina hvenær slík framsetning er æskileg
- vera læs á mál tölvufræðinnar

Mat á hæfniviðmiðum

- vikuleg skil verkefna
- skil á stærri skilaverkefnum
- nemendur gera kennara grein fyrir aðferðarfræði sinni við lausn verkefna

- frammistaða nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám
- hlutapróf